

79. fundur

Skólaráðsfundur miðvikudagur 5. júní 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Helga Dögg fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. fulltrúi kennara, Kristján fulltrúi frá USK, Indriði fulltrúi frá Verkís. Aðalbjörg og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni.

Efni fundar:

- Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu. Fulltrúar frá USK og Verkís fara yfir stöðuna.
- Frágangur skólalóðar austan við skólann.
- Staða á ráðningum kennara vegna skólaársins 2019 – 2020.

Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu

Fulltrúi frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK) og fulltrúi frá Verkís fóru yfir framvindu framkvæmda í skólahúsnæðinu.

Frágangur skólalóðar austan við skólann.

Farið yfir teikningar af framkvæmdum á skólalóð, austan og sunnan við lóð. Teikningar höfðu þegar verið kynntar skólastjórnendum og formanni foreldrafélagsins á kynningarfundum hjá arkitektastofunni Landmótun og VSO sem eru hönnuðir lóðar. Austan skólalóðar á að dreifa moldarhaug og gera lága hóla á svæðinu. Einnig á að stækka austasta hólinn og gera hann að sleðabrekku. Skólaráð gerði eftirfarandi athugasemdir við teikningar á austanverðri lóðinni: Mikilvægt að gera allt til að hrinda vatni sem mest af svæðinu því þarna er mikil vatnssöfnun, gera þarf ráð fyrir að vatn flæði vel af svæðinu í suðurátt. Skólastjórnendur komu ábendingum á framfæri frá foreldri sem býr við lóðamörk að mikilvægt væri að tryggja það að vatnssöfnun myndast ekki við og inn á lóðum sem liggja við skólalóðina en íbúar á lóðamörkum hafa áhyggjur af vatnssöfnun á lóðum sínum.

Sunnan við skólann, við Meginland, á að síkka glugga og gera pall með setþrepum sem eru byggð upp með steyptum köntum. Skólaráð gerði eftirfarandi athugasemdir við teikningar: Handrið þarf að hækka til að gæta öryggis vegna klífurs, huga þarf að fallvörnum, æskilegt væri að hitalögn væri í tröppum og palli, huga þarf að flóðahættu þar sem mikill snjór gæti safnast fyrir, huga þarf að lýsingu sem gæti verið breytileg til að skapa mismunandi stemningu eins og t.d. jólaljós., nauðsynlegt að hafa rafmagnsinnstungur úti til að tengja hljómflutningsgræjur og hátalara vegna hátíðahalda, mikilvægt að hafa útikrana sem mundi nýtast í útikennslu, náttúrufræðikennslu og til þrifa.

Staða á ráðningum kennara vegna skólaársins 2019 – 2020.

- Búið er að manna að mestu kennarastöður við skólann. Eins og staðan er núna hafa undanþágur verið veittar fyrir tvo leiðbeinendur sem starfa við skólann og eru í réttindanámi.

Önnur mál

- Námsefniskynningar í haust. Fulltrúar foreldra lögðu fram þær óskir að erindi stjórnenda sem fór fram á síðustu kynningum yrði hagað með öðrum hætti þar sem foreldrar sem eiga nokkur börn í skólanum finnst óþarfi að verja tíma í að heyra sömu upplýsingarnar oft.
- Upplýsingafundur fyrir foreldra verður 6. júní í Bústaðakirkju.
- Næsti fundir skólaráðs í sumar vegna framkvæmda verður 3. júlí.